

Fyrirspurn bæjarfulltrúa Söru Daggar Svanhildardóttur um atvinnutengda starfsemi á Garðatorgi

Bæjarfulltrúi Sara Dögg óskar eftir upplýsingum um hvort bæjarstjóri eða annar fulltrúi fyrir hönd Garðabæjar hafi átt eitthvert samtal við þá aðila sem nú reka atvinnustarfsemi í hluta þess húsnæðis sem Garðabær hefur nú tekið yfir leigu á vegna þeirrar breytinga sem framundan eru.

Greinargerð

Blómlegt atvinnulíf er mikilvægt fyrir góðan og aðlaðandi miðbæ. Garðatorg hefur verið í uppbyggingu í um 17 ár og enn blasa við verkefnin sem þarf að hlúa að til þess að skapa og viðhalda aðlaðandi og spennandi þjónustusvæði sem iðar af mannlífi. Utandyra jafnt sem innan.

Það er Garðabæ mikils virði að fá spennandi og fjölbreytta atvinnustarfsemi á Garðatorgið og því skiptir máli að sveitarfélagið leggi sig sérstaklega fram við að eiga gott samtal við þá aðila sem leggja traust sitt á að staðsetja sig í Garðabæ og hefja rekstur fyrirtækis í sveitarfélaginu. Nú fyrir skömmu tók Garðabær yfir leigu á húsnæði á Garðatorgi 1 hvar fyrir er atvinnustarfsemi.

Annars vegar er um að ræða nýtt fyrirtæki sem hóf starfsemi í nóvember 2021 og hins vegar áratuga starfsemi í formi námskeiðshalds þar sem um 40 konur á efri árum sækja námskeið vikulega yfir allan veturinn og hefur mikla þýðingu fyrir þann hóp þegar kemur að félagslegri virkni.

Nú hefur þessum aðilum verið sagt upp húsnæðinu vegna áforma Garðabæjar því er brýnt að fá fram afstöðu meirihlutans hvað varðar uppbyggingu blómlegs atvinnulífs á Garðatorgi sem og afstöðu til mikilvægi þess að fjölbreytt atvinnu starfsemi haldist innan sveitarfélagsins.